

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 81 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 7. janúar 2021 kl. 17:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastóri. Páll Þór Guðmundsson boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Byrjað var á að bjóða Hörð Orra velkominn til starfa og undirrita fundargerðir.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Starfsmannamál.**

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

2. **Vegagerðin –nýr samningur.**

Stjórnarformaður skýrði frá stöðu mála varðandi nýjan samning við Vegagerðina.

3. **Landeyjajöfn og strætó.**

Varaformaður stjórnar greindi frá ýmsum hugmyndum varðandi aðstöðu í afgreiðslu í Landeyjum og hvað má betur fara.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra og varaformanni var falið að vinna að málunum áfram.

4. **Önnur mál.**

Farið var lauslega yfir rekstrartölur fyrir nóvember og fyrstu 11 mánuði 2020.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður eftir tvær vikur.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.